

Mannauðs – og mannréttindastefna Símans

Tilgangur og markmið

Mannauðurinn er lykillinn að farsælum rekstri Símans. Forsendan fyrir samkeppnishæfni félagsins er nútímalegt vinnuumhverfi og jákvæð vinnustaðamenning þar sem áhersla er lögð á framsækna hugsun, sveigjanleika, árangur, sjálfbærni og starfsánægju. Mannauðs- og mannréttindastefnu Símans er ætlað að tryggja að almenn mannréttindi séu virt í allri starfsemi fyrirtækisins um leið og réttindi sem koma fram í gildandi lögum um jafna stöðu kynjanna séu tryggð. Með stefnuna að leiðarljósi skal stuðlað að hvetjandi vinnuumhverfi, fjölbreytileika í hlutverkum innan félagsins, starfsfólk sé metið að verðleikum, unnið sé gegn hvers kyns fordómum og óviðeigandi hegðun og tryggt sé að allt starfsfólk Símans eigi jafna möguleika til starfa, starfsþróunar og endurmenntunar.

Jafnlaunastefna Símans er órjúfanlegur hluti af mannaúðs- og mannréttindastefnu félagsins. Markmiðið með henni er að tryggja að jafnræðis sé gætt við launaákvörðanir. Starfsfólki skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf, óháð kyni, kynhneigð, kyneinkennum, kyntjáningu eða kynvitund.

Til þess að styðja við mannaúðs- og mannréttindastefnuna hefur Síminn valið sér eftirfarandi stefnuvísa:

Jákvæð menning

Síminn leggur áherslu á að styðja við menningu þar sem skapandi hugsun fær að njóta sín, samskipti eru uppbyggileg og árangursdrifin viðhorf eru ríkjandi. Lögð er áhersla á öll að aðstaða sé eins og best verður á kosið og starfsfólki sé gert kleift að samræma þarfir vinnu og einkalífs með gagnkvæmum sveigjanleika. Við leggjum áherslu á að tryggja öryggi starfsfólks með heilsusamlegu vinnuumhverfi, markvissri heilsuvernd og forvörnum.

Ráðningar og starfsþróun

Við nýráðningar og tilfærslur í starfi skal unnið að jafnri kynjaskiptingu og fjölbreytileika innan sviða, deilda, nefnda og í stjórnenda- og stjórnarstörf. Mikilvægt er að hugað sé að samsetningu menntunar, aldurs, starfsreynslu, færni og kyns við ráðningar og tilfærslur í starfi. Lögð skal áhersla á að öll störf séu auglýst, að störf séu ókyngreind í auglýsingum og öll kyn hvött til þess að sækja um.

Jöfn laun

Síminn leggur áherslu á að bjóða samkeppnishæf kjör sem eru ein lykilforsenda þess að halda í gott og frambærilegt starfsfólk. Unnið skal í anda jafnréttis og eftir reglum jafnlaunakerfis sem tryggir sanngirni í öllum launaákvörðunum. Launamunur skal einungis endurspegla mismunandi ábyrgð, starfsreynslu, eðli starfa, frammistöðu og hæfni. Einnig skal allt starfsfólk njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs-, fæðingarorlofs- og veikindaréttar svo og hver önnur starfskjör, óháð kyni.

Þjálfun og endurmenntun

Allt starfsfólk skal njóta sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar. Markmið um þjálfun og endurmenntun skulu jafnframt styðja við og styrkja þá hæfni starfsfólks og stjórnenda sem nauðsynleg er félaginu til framþróunar.

Kynbundið ofbeldi, ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti

Allt starfsfólk, óháð kyni, á rétt á að komið sé fram við það af virðingu. Síminn tekur skýra afstöðu gegn einelti, hvers kyns ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni. Stefna, viðbragðsáætlun og boðleiðir vegna slíkra mála skulu vera í samræmi við gildandi reglugerð á hverjum tíma og vera sýnilegar og aðgengilegar öllu starfsfólki.

Mannréttindi, barnaþrælkun og nauðungarvinna

Félagið virðir mannréttindi, líður hvorki barnaþrælkun né nauðungarvinnu og fer að lögum og reglum er varðar mannréttindi í allri sinni starfsemi. Síminn leggur áherslu á að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í samfélaginu.

Umfang og ábyrgð

Stefnan er bindandi fyrir alla stjórnendur og nær til alls starfsfólks Símans.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á stefnunni sjálfri og annast framkvæmd hennar, endurskoðun og kynningu á henni. Mannauðsstjóri ber einnig ábyrgð á því að unnið sé að stöðugum umbótum í mannauðs- og mannréttindamálum félagsins.

Endurskoðun

Endurskoða skal stefnu þessa á þriggja ára fresti og oftari ef þörf krefur, til þess að tryggja að hún samrýmist lögum um jafnrétti og stefnu Símans á hverjum tíma. Mannauðs- og mannréttindastefna Símans er lögð fyrir og samþykkt af framkvæmdastjórn Símans og undirrituð af mannauðsstjóra Símans.

Reykjavík, 25.10. 2022

Ragna Margrét Norðdahl

Mannauðsstjóri